

132. löggjafarþing 2005–2006.
Þskj. 409 — 260. mál.

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sigurjóns Þórðarsonar um störf hjá Rarik.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg störf voru hjá Rarik frá 1995 til dagsins í dag á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan höfuðborgarsvæðis hins vegar, sundurliðað eftir landshlutum?

Í eftirfarandi töflu má sjá að 1995 voru 80 heildarstörf á höfuðborgarsvæðinu en 56 árið 2005 og nemur fækkunin 30%. Utan höfuðborgarsvæðisins var fjöldi starfa 194 árið 1995 en 158 árið 2005 og fækkunin á tímabilinu nemur því 19%.

Sjá nánari sundurliðun starfa milli landshluta á árunum 1995–2005 í töflunni. Þar má sjá að fækkunin er minnst á Vesturlandi og Norðurlandi vestra, eða 11%, sem m.a. stafar af kaupum Rariks á hitaveitum í þéttbýlisstöðum í þessum landshlutum.

Starfsmannafjöldi Rafmagnsveitna ríkisins 1995 - nóv 2005

Skipt eftir svæðum.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	nóv. 2005	Breyting	Breyting %
Reykjavík	80	73	68	60	59	55	55	55	57	55	56	-24	-30%
Vesturland	35	33	34	32	33	32	32	33	33	32	31	-4	-11%
Norðurland vestra	36	33	31	31	30	27	27	31	30	29	32	-4	-11%
Norðurland eystra	35	32	33	33	31	28	28	27	28	26	25	-10	-29%
Austurland	58	54	54	54	52	50	51	49	49	48	46	-12	-21%
Suðurland	30	27	26	25	25	25	26	25	25	24	24	-6	-20%
Samtals	274	252	246	235	230	217	219	220	222	214	214	-60	-22%

Ath að á þessu tímabili hafa eftirfarandi veitur verið keyptar

1995 rafveita Borgarness	Rekstur yfirtekinn 1995
1999 rafveita Hveragerðis	Rekstur yfirtekinn 2000
2001 rafveita Sauðárkróks	Rekstur yfirtekinn 2002
2003 hitaveita Dalabyggð	Rekstur yfirtekinn 2003
2003 rafdreifikerfi Husafelli	Rekstur yfirtekinn 2004
2005 hitaveita Blönduóss	Rekstur yfirtekinn 2005